12.tbl.
8.apríl 2026
33 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



## Bæn, kaffi og biblíuleshópur

Stutt bænastund verður í Skútustaðakirkju, laugardaginn 12. apríl klukkan 10:00.
Á eftir förum við og fáum okkur kaffi í prestsetrinu á Skútustöðum.
Um kl. 11:00 kíkjum við í athyglisverðan kafla í Gamla testamenntinu – nánar tiltekið kafla 37 – 41 í Fyrstu Mósebók

Verið öll velkomin!
Sóknarnefndin.

## Aðalfundur Kvenfélags Fnjóskdæla 2026

verður haldinn í Skógum miðvikudaginn 15. apríl kl 20:00
Dagskrá fundar: Venjuleg aðalfundarstörf, fulltrúar nefnda segja frá því helsta á árinu og ýmislegt fleira.
Félagsmenn endilega bjóðið með ykkur, næg rými fyrir nýja félaga.

Allir velkomnir.
Sjáumst

Stjórnin

# AÐALSKIPULAG
# ÞINGEYJARSVEITAR
# 2024-2044

**Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 26. febrúar 2026 nýtt aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2024-2044 skv. 32. gr. skipulagslaga 123/2010.**

**Tillaga að aðalskipulaginu var auglýst frá 22. september til 17. nóvember 2025 og alls bárust 76 umsagnir og athugasemdir. Sveitarstjórn samþykkti einnig tillögur skipulagsnefndar að svörum við umsögnum sem bárust á auglýsingartíma og hefur skipulagstillagan verið uppfærð í samræmi við afgreiðsluna. Samþykkt skipulag hefur verið sent til Skipulagsstofnunar til staðfestingar.**

**Öll skipulagsgögn, athugasemdir, umsagnir og viðbrögð eru aðgengileg HÉR:**



**Þau sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til sveitarstjóra eða skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.**
**Skipulagsfulltrúi**

# Aðalsafnaðarfundur Einarsstaðasóknar

verður haldinn í Húsmæðraskólanum á Laugum
þriðjudaginn 21. apríl 2026 kl. 20.00.

Dagskrá:

- Skýrsla formanns
- Reikningar kirkju og garðs
- Önnur mál

Verið velkomin

Sóknarnefnd

